

Fréttabréf FFA janúar 2025



Ferðafélag Akureyrar óskar félagsmönnum sínum gleðilegs árs með von um gott ferðaár 2025

Fyrsta ferð ársins var eins og endranær, nýársanga út í óvissuna. Veður var gott þó kalt væri og góð þátttaka.



Ferðaáætlun FFA 2025 var birt 6. desember sl. og vonandi hafa félagsmenn kynnt sér hana vel.

ffa.is



Almennur félagsfundur FFA var haldinn 2. janúar. Góð mæting og vangaveltur um starfið í félaginu.

Ferðafélag Akureyrar leitar að skálavörðum fyrir sumarið 2025.

Sjá nánar á heimasíðu FFA: [Skálaverðir - Sumarstörf](#)

Skíðaferðir 2025

Fyrirkomulag skíðagönguferða 2025 verður með sama hætti og í fyrra. Það verður kynnt betur alveg á næstunni á heimasíðunni og fylgt úr hlaði með sérstakri kynningu 16. janúar kl. 20.

Grunn- og framhaldsnámskeið á utanbrautarskíðum verða haldin í janúar og febrúar; skráning á ffa.is

Opið hús 9. janúar kl. 20

[Göngulandið - Sviss, ævintýri á eigin vegum](#)